

Stjórnarfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Klifurhúsinu, Ármúla 23

Dags: 5.9.2022 kl.20.00

Fundur númer: 204

Mætt: Hilmar (formaður), Ágústa (aðalmenn), Sigtryggur (aðalmenn), Anita (varamaður), Benjamin (framkvæmdastjóri), Valdimar (aðalmenn), Emil Bjartur (varamaður) og Marínó (aðalmenn). Vantar: Þura (rekstrarstjóri)

Dagskrá

1. 6 mánaða uppgjör
2. Haustönn yfirferð
3. Aðgangsstýring staff og stjórn
4. Húsnæðismál
5. Hnappavellir
6. Annað

1. 6 mánaða uppgjör

Komum ágætlega út en reksturinn í mínus fyrir fyrstu 6 mánuðina, laun búin að hækka og meðal annars keypt ný grip.

2. Haustönn yfirferð

Haustönnin fer vel af stað, sömu námskeið og voru í fyrra en búið er að breyta skipulagi á námskeiðum þannig að meðal annars er ekki lengur í boði að vera bara 1x í viku, agi og áhugi virtist vera minni hjá þeim sem voru eingöngu einu sinni í viku og því var ákveðið að bjóða ekki uppá það lengur. Klifurmót verður í miðgarði núna í september og svo verður Íslandsmeistaramót í Október.

3. Aðgangsstýring staff og stjórn

Með stækkandi félagi þyrfti að vera með skýrar reglur um hverjir fá árskort og afslætti og annað. Ákveðið að stjórn og starfsmenn fái árskort og framkvæmdastjóri hefur heimild til að gefa úr 5 VIP kort til aðila sem hafa unnið fyrir félagið og hjálpað því á einhvern hátt. Endurskoða þessa ákvörðun eftir áramót.

4. Húsnæðismál

Það stendur til boða að leigja Ármúla 21, það eru 500 fermetrar með kjallara, 900kr á fermetur. Aukið pláss gæti nýst undir afmæli og aðra viðburði, einnig væri mögulega hægt að vera með fleiri hóð á námskeiði fyrir þau námskeið sem er fullt á núna. Leigan yrði til 3ja ára. Þurfum að taka ákvörðun á næstu 4-8 vikum.

Fyrir ákvörðunartöku viljum við hafa gögn um eftirfarandi:

- Hvað hafa verið mörg afmæli síðustu 12 mánuði / hvað væri hægt að auka það mikið?
- Hvaða styrki gætum við mögulega fengið?

- Hvaða aðrar tekjur gætum við fengið af húsnæðinu?
- Hvað gætum við tekið marga í viðbót inná námskeið?
- Hvað eru mörg afmæli td í Rush?

Ákvörðun verður tekin á næsta fundi.

Toppstöðin gæti mögulega verið tilbúin eftir ca 5 ár.

5. Hnappavellir

Email frá Jóni Viðari um að það vantar nýja hlerahurð, sem hægt er að fá á 300.000kr. Samþykkjum email frá Jón Viðari, Boltasjóður mun borga þetta.

6. Annað

Athuga með siðareglur og viðbrögð við eineltismálum ofl, mögulega prenta út eða hengja upp, stjórn leggur áherslu á þessi mál fram að áramótum og framkvæmdastjóri fylgir eftir.

Fundi lokið kl.21.42

Fundaritari: Anita